Lögmenn
Laugavegi 3

Samantekt Láru V. Júlíusdóttur hrl. vegna fyrirspurnar Landssambands smábátaeigenda um hvort og að hvaða leyti boðað verkfall Sjómannasambands Íslands gegn SFS snertir sjómenn sem starfa hjá félögum í Landssambandi smábátaeigenda.

Með minnisblaði Arnar Pálssonar framkvæmdastjóra LS var óskað eftir áliti mínu á því hvort Landssamband smábátaeigenda, (LS) geti staðið við ætlaða yfirlýsingu til félagsmanna að boðað verkfall sjómanna taki ekki til þeirra enda geri þeir upp samkvæmt kjarasamningi LS og sjómannasamtakanna og skipti þá engu hvort báturinn sé 12 m. og lengri eða 15 brt. og stærri.

Ég hef haft eftirfarandi gögn til skoðunar:

1. Minnisblað Arnar Pálssonar 25/10´16
2. Kjarasamning milli SSÍ, FFSÍ og VM annars vegar og Landssambands smábátaeigenda hins vegar frá 29. ágúst 2012
3. Lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 með síðari breytingum
4. Kjarasamning SSÍ við SFS
5. Fréttaflutning af verkfallsboðun
6. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 með síðari breytingum

Atvik máls

Tildrög málsins eru þau að Sjómannasamband Íslands (SSÍ) hefur samþykkt verkfallsboðun á Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) 10. nóvember 2016 í kjölfar þess að sjómenn felldu nýgerða samninga við SFS með miklum meirihluta. SSÍ er ennfremur aðili að kjarasamningi við LS og er sá kjarasamningur frá 29. ágúst 2012. Að auki eiga aðild að þeim samningi Farmanna- og fiskimannasamband Íslands (FFSÍ) og Félag vélstjóra og málmtæknimanna (VM). Gildistími hans er til 31. janúar 2014 og rann hann þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar, en heldur þó gildi sínu þar til nýr kjarasamningur er gerður, eins og kveðið er á um í 20. gr. samningsins. Viðræður um nýjan kjarasamning milli LS og SSÍ hafa staðið í nokkurn tíma og hafa fundir verið reglulegir frá því í ágúst sl.

Laugavegi 3, 3.hæð • 101 Reykjavík • Kt. 491208-1120 • Banki 701-26-149 • Sími 520 1050 • LL3@LL3.is • www.LL3.is

Álit

Með vísan til þess að enn heldur gildi sínu kjarasamningur milli LS og SSÍ, FFSÍ og VM frá ágúst 2012 er SSÍ bundið þeim samningi, enda hafa hvorki náðst nýir samningar milli aðila né upp úr kjaraviðræðum slitnað hjá sáttasemjara svo sem kveðið er á um í 3. mgr. 15. gr. l. 80/1938. Félagsmönnum SSÍ ber því að virða kjarasamninginn við LS eftir efni hans og er þeim óheimilt að leggja niður vinnu hjá aðilum LS þótt sjómannasamtökin hafi boðað verkfall á SFS.

Kemur þá til skoðunar hvert gildissvið kjarasamnings LS og SSÍ er. LS eru samtök smábátaeigenda. Í kjarasamningi aðila er samið um aflahluti af heildarverðmæti afla fyrir a) veiðar með netum, grásleppunetum, færum og línu á bátum með beitingavél , b) veiðar með línu, þegar beitt er eða stokkað upp í landi og c) aðrar veiðar og makríll þar sérstaklega nefndur. Í samningnum eru sérstök ákvæði sem ná til sjómanna á bátum styttri en 12 metrar að skráningarlengd og einnig ákvæði sem ná til sjómanna á bátum lengri en 12 metrar að skráningarlengd. Ljóst er því að samningurinn nær ekki bara til báta styttri en 12 metrar að skráningarlengd heldur einnig til stærri báta. Ekki kemur fram í kjarasamningnum við hvaða hámarksstærð báta hér er miðað við, og því er ekki hægt að draga þá ályktun af samningi aðila að hann sé einungis bindandi fyrir minni bátana, þ.e. báta styttri en 12 metra að skráningarlengd.

Í samþykktum LS kemur fram að tilgangur landssambandsins sé að tryggja sameiginlega hagsmuni smábátaeigenda á öllum sviðum og vera opinber málsvari þeirra og stuðla að framförum á sviði fiskveiða, vöruvöndunar, öryggis- og tryggingamála og annarra mála er þá varðar. Ekki kemur fram í samþykktum LS neitt um stærð þeirra báta sem við er átt með hugtakinu smábátur, en smábátaeigendur eru fyrst og fremst þeir aðilar sem hafa veiðileyfi með krókaaflamarki sbr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Í 2. mgr. þeirrar greinar eins og henni var breytt með l. 82/2013 geta þeir bátar einir öðlast veiðileyfi með krókaaflamarki sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd og minni en 30 brúttótonn. Þannig hefur löggjafinn sniðið rammann um þá stærð báta sem félagsmenn LS, sem allir eru krókaaflamarksleyfishafar mega gera út. Þar sem enga slíka stærðarleiðbeiningu er að finna í kjarasamningi LS og SSÍ verður að telja að þótt stærðarviðmiðið hafi breyst og það aukið með l. 82/2013, þ.e. eftir að kjarasamningur aðila var gerður, sé það sú viðmiðun sem gildi í reynd.

Samkvæmt framangreindu er það ljóst að gildissvið kjarasamnings LS nær til báta sem eru styttri en 15 metra og allt að 30 brúttótonn.

Ljóst er að ekki eru allir leyfishafar krókaaflamarks félagsmenn í LS. LS hefur ekki talið það vera sitt hlutverk að koma í veg fyrir eðlilegan framgang verkfallsaðgerða SSÍ og hefur því ekki gert kröfu til annars en að einungis þeir sjómenn sem ráðnir eru hjá aðilum innan LS verði látnir afskiptalausir í verkfalli SSÍ sem beint er að SFS. Þar sem samningur LS við SSÍ er eini samningur sjómanna sem nær til svo lítilla báta má líta á hann sem lágmarkskjör í starfsgreininni í merkingu 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks ofl. og taki hann því til allra þeirra sem vinna á þessari stærð báta. Undir þeim kringumstæðum hafa félög atvinnurekenda talið að verkfall geti ekki náð til manna sem taka kjör samkvæmt samningi sem ekki er deilt um í kjaradeilum. Með sama hætti hafa stéttarfélög í gegn um tíðina haldið uppi verkfallsvörslu vegna slíkra einstaklinga með þeim rökum að öðrum sé óheimilt að ganga inn í störf manna sem eru í verkfalli.

Laugavegi 3, 3.hæð • 101 Reykjavík • Kt. 491208-1120 • Banki 701-26-149 • Sími 520 1050 • LL3@LL3.is • www.LL3.is

Niðurstaða

Niðurstaða mín er sú, eftir að hafa farið í gegn um framangreind gögn að LS er stætt á því að senda félagsmönnum sínum yfirlýsingu þess efnis að boðað verkfall sjómanna á hendur SFS taki ekki til félagsmanna LS og skiptir þá engu máli hvort báturinn er styttri eða lengri en 12 metrar eða minni eða stærri en 15 brt.

Reykjavík, 26. október 2016

Lára V. Júlíusdóttir hrl.

Laugavegi 3, 3.hæð • 101 Reykjavík • Kt. 491208-1120 • Banki 701-26-149 • Sími 520 1050 • LL3@LL3.is • www.LL3.is